

Upphitun á Akureyri

Allar götur síðan 1897 hafa Akureyringar buslað í vatni og æft sundtökin efst í Gráfargili. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan sundaðstaðan var bara stífla í köldum læk til dagsins í dag þegar bæjarbúar og gestir njóta þjónustu í einnialbestu sundlaug landsins með heitum pottum, gufubaði, glæsilegum vatnsrennbrautum og tveimur 25 metra útilaugum.

Í rúman aldarfjórðung undu Akureyringar sáttir við kalda sundpollinn í Grófargilslæknum sem oft og tíðum varð kolmórauður í leysingum en þegar kom fram undir 1920 tóku að heyrist óánægjuraddir. „Sundpollurinn er venjulega líkari hlandfor en nokru öðru,“ var skrifað í bæjarblaðið Dag í ágúst 1920. Engu að síður hafði áhuginn á sundi farið mjög vaxandi í kaupstaðnum og sumarið 1921 sóttu 71 piltur og 65 stúlkur sundnámskeiðin hjá Lárusi Rist og höfðu aldrei verið fleiri. Sumarið áður var hafist handa við að steypa upp veggi sundlaugarinnar og var því verki lokið vorið 1923 mest í sjálfbóðavinnu bæjarbúa sem tóku sér haka og skóflu í hönd. Þá var búið að steypa upp alla fjóra veggi laugarinnar og helluleggja botninn að vestanverðu.

Loksins voru Akureyringar lausir við moldarbakkana en vatnið í sundlauginni var áfram kalt og ekki alltaf ýkja tært þrátt fyrir steypa veggina. Það vantaði því bæði hreint og heitt vatn í laugina. Það var líklega sumarið eða haustið 1925 að Oddur Björnsson prentsmiðjustjóri fann heitar lindir í Glerárgili. Ekki gekk þó þrautarlaust að fá bæjaryfirvöld til samstarfs um að nýta heita vatnið til að hita upp sundlaugina í Gráfargili og það var ekki fyrr en sumarið 1933 að leiðsla var lögð ofan frá Glerá og niður að sundpollinum, um 2.700 metra leið.

Snemma í ágúst 1933 breyttist pollurinn í alvöru laug þegar 22 gráðu heitt vatn fyllti sundpróna í fyrsta skiptið. Akureyringar áttu ekki til orð að lýsa hrifningu sinni þar sem þeir léku sér í silfurtæru og ylvolgu vatninu ofan úr Glerárgili.

Warming-up in Akureyri

Ever since 1897, the inhabitants of Akureyri have been splashing about in water and practising their swimming skills at the top of the Gráfargil gully. Much has changed from the time when the swimming facility consisted of the simple damming of a cold stream to the current environment where townspeople and visitors enjoy some of Iceland's most advanced swimming amenities with hot tubs, saunas, impressive water slides and two outside pools, each of them 25 metres in length.

For more than a quarter of a century, the people of Akureyri made do with the Gráfargil stream as a swimming pool. During extreme spring thaws the stream often turned muddy brown with meltwater and by the year 1920 voices of dissatisfaction had become louder, as indicated by the following statement in the local paper, Dagur, in August 1920. „The so-called swimming pool is really nothing but a cesspool.“ But in spite of primitive conditions, interest in swimming had been growing rapidly in the town and in summer 1921 71 boys and 65 girls attended swimming courses organised by the instructor, Lárus Rist. During the previous summer the building of concrete pool walls had begun and this work was completed in spring 1923, mostly through the voluntary effort of the townspeople who willingly swung shovels and pickaxes until all four concrete walls of the pool had been completed as well as the paving of a sizeable part of the bottom.

Finally, the loose earthen banks had been done away with, but the water remained cold, and not always particularly clean despite the new concrete walls. Warm and clean water was now most urgently needed. It was probably in the summer or autumn of 1925 that Oddur Björnsson, director of the local printworks, discovered warm springs in Gráfargil gully. But having found the warm water was not enough, the town council did not readily warm to the idea of piping the water to the swimming pool. Thus, it was not until summer 1933 that a 2.7 km pipeline was completed from Glerá river, bringing warm water down to the swimming pool. As a result, a proper swimming facility was created in August 1933 when the pool was filled with water at the pleasant temperature of 22 degrees Centigrade and the townspeople were overcome with delight, splashing around in the crystal clear and warm currents cascading down to the town from Glerá gully.

Byggt á Sögu Akureyrar 4. bindi, bls. 229-236, eftir Jón Hjaltason sagnfræðing.
Based on the history of Akureyri Vol. 4, pp. 229-236, by the historian Jón Hjaltason

Texti Text: Jón Hjaltason og Ragnar Hólm



Nánari upplýsingar / More information



Heitavatnslögnin í Glerárgili lögð árið 1933. Únn má sjá leifar eftir lögnina í gilinu.
The hot water pipes in Glerárgil gully were installed in 1933. The remains of the pipes are still visible

Mynd/Photo: Ljósmyndastofa Vigfúsar Sigurgeirssonar / Minjasafnið á Akureyri



Akureyrarsundlaug í Gráfargili árið xxxx. Sundlaugin er á svipuðum stað í dag.
Akureyri Swimming Pool in Gráfargil in XXXX. The current pool is in a similar location.

Mynd/Photo: Jón & Vigfús / Minjasafnið á Akureyri



Breskir hermenn að þvo sér úr volgu vatni við Glerá um 1940.
British soldiers enjoy the warm waters of Glerá river around the year 1940.

Mynd/Photo: Imperial War Museums / Minjasafnið á Akureyri